

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 637/2017 um fjárhæð, álagningu og innheimtu veiðigjalds fiskveiðiárið 2017 (framlenging álagningar).

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Veiðigjald á landaðan afla frá og með 1. september til 31. desember 2018 skal nema í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla, þeim fjárhæðum sem hér segir:

	Veiðigjald		Veiðigjald
Blágóma	2,82	Loðna	1,80
Blálanga	9,98	Lýsa	7,59
Búrfiskur	78,73	Makrill	3,35
Djúpkarfi	17,35	Náskata	2,60
Gjölnir	3,25	Rækja	1,74
Grálúða	58,13	Sandkoli	3,04
Grásleppa	9,76	Síld	3,22
Gullkarfi	13,23	Skarkoli	17,14
Gulllax	6,51	Skata	5,86
Háfur	5,21	Skrápflúra	2,60
Hákarl	1,30	Skötuselur	25,59
Hámeri	5,21	Slétti langhali	9,76
Hlýri	16,92	Snarphali	3,04
Humar	20,17	Sólkoli	37,31
Hvítskata	6,72	Steinbítur	12,80
Hörpudiskur	10,19	Stinglax	8,03
Ígulker	8,03	Stóra brosma	3,04
Keila	6,94	Tindaskata	1,52
Kolmunni	1,16	Ufsi	13,23
Langa	11,50	Úthafskarfi	13,23
Langlúra	6,51	Ýsa	25,16
Litla brosma	1,95	Þorskur	21,69
Litli-karfi	7,81	Öfugkjafta	9,11

Veiðigjald annarra nytjastofna en í töflunni greinir er 1,03 kr. á hvert kílógramm óslægðs afla.

Veiðigjald fyrir hval er sem hér segir: Langreyður 51.440 kr. og hrefna 8.230 kr. Veiðigjald á sjávargróður er: 514 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossapara og stórpara (blautvigt).

Hver gjaldskyldur aðili á rétt á því að veittur sé 20% afsláttur af fyrstu 1,58 millj. kr. álagðs veiðigjalds og 15% afsláttur af næstu 1,58 millj. kr. álagningar, vegna afla sem landað er frá 1. september til 31. desember 2018.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. júlí 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2018